

Umræðuskjal Póst- og fjarskiptastofnunar

um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan alþjónustu, að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Hugleiðingar og athugasemdir Tengis hf. – apríl 2014

1. Inngangur.

- 1.1. Almennt
- 1.2. Fjarskiptaáætlun fyrir Evrópu
- 1.3. Fjarskiptaáætlun Alpings
- 1.4. Um gjaldskráreftirlit PFS og hámarksgjaldskrá innan alþjónustu
- 1.5. Um kostnað vegna tengingar
- 1.6. Gildandi fyrirmæli og tilgangur umræðuskjalsins

Spurning 1

Ert þú sammála ofangreindum sjónarmiðum í tengslum við hugsanlega útnefningu alþjónustu-veitanda með skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu?

Eru einhverjir aðrir þættir sem PFS ber að líta til í útnefningarferlinu?

Svar 1

Í fyrsta kafla eru almennar upplýsingar og framsetning á markmiðum PFS með umræðuskjalinu. Þau atriði sem við teljum rétt að gera athugasemdir við í þessum kafla eru helst þessi.

Við erum ekki sammála þeirri nálgun að það eigi að vera hlutverk fjarskiptafyrirtækis veita fötluðum, öryrkjum eða notendum með sérstakar þjóðfélagsparfir, eins og það er orðað, þjónustu umfram aðra viðskiptavinum. Réttara er að slík sérhæfðþjónusta sé veitt af Tryggingastofnun.

Í kafla 1.4 kemur fram að ekki sé ástæða til af fjalla um gjaldskráreftirlit PFS og vísað til þess að núverandi alþjónustuhafi sé háður kvöð um kostnaðartengd verð. Síðar í skjalinu er hins vegar gert ráð fyrir að við uppbyggingu eða endurbyggingu nethluta skuli leggja fram útboðshæfa kostnaðaráætlun. Hér vísum við til síðari umfjöllunar um samspil uppbyggingarkostnaðar og rekstrartekna.

Í kafla 1.5 er nefnd tillaga um að viðmiðunarmörk hámarkskostnaðar alþjónustuveitanda verði lækkuð í kr. 500.000. Um þetta er vísað til umfjöllunar í kafla 5.7 en rétt er að árétta að mjög vafasamt er í fjölmörgum tilvikum að tekjur af tengingu dugi fyrir slíku framlagi fjarskiptafyrirtækis með alþjónustukvöð í heimtaugarkostnaði. Þetta þýðir með öðrum orðum að fyrirtækið þarf að taka slíkan kostnað af öðrum tekjum sínum sem þá endurspeglast í verðskrá þess. Þegar hér er komið sögu má ljóst vera að verði alþjónustu kvöð lögð á fleiri fjarskiptafyrirtæki en Mílu geta forsendur um kostnaðardreifingu á aðra viðskiptavinum verið mjög mismunandi ekki síst í ljósi þess að Míla býr að dreifikerfi sem byggt var upp í tíð Landssímans meðan hann var einn á sérleyfismarkaði fjarskiptaþjónustu. Þá er ljóst að markaðshlutdeild Mílu er langt umfram aðra aðila á markaðnum.

2. Um nauðsyn alþjónustu.

Til sannsvegar má færa að nútíma samgöngur séu grundvallar þáttur í lífsgæðum og hagsæld landsmanna. Sama á auðvita við um fjarskiptasamgöngur sem sífellt er stærri hluti í lífi nútímamannsins, rekstri fyrirtækja og uppbyggingu hagkerfisins. Sé horft til raforkuflutnings og -dreifingar þá hefur verið valin sú leið að byggja upp eitt flutnings- og dreifikerfi. Flutningfyrirtækið og dreifiveiturnar hafa með lögum sérleyfi til starfsemi sinnar á afmörkuðum svæðum. Verðlagning þjónustunar er stýrð og starfsemin undir eftirliti eftirlitsaðilans Orkustofnunar. Vert er að hafa reglur raforkulaga til hliðsjónar við þessa umfjöllun. Ekki er í lögnum eða reglugerðinni sett þak á þann kostnað viðskiptavinir þurfa að bera að tengingu og þrátt fyrir meginreglu um tengiskyldu dreifiveitu þá eru ýmsir fyrirvarar á henni. Þá má einnig minna á rétt dreifiveitu til þess að krefjast svo nefnds kerfisframlags við vissar aðstæður.

Með framanritað í huga er umhugsunarvert hvort það getur talist eðlilegt að setja þak á hámarkskostnað viðskiptavina þegar þeir óska eftir tengingu við net fjarskiptafyrirtækis.

3. Útnefning alþjónustuveitanda.

Spurning 2

- (a) Ertu sammála þeim sjónarmiðum sem PFS hyggst leggja til grundvallar við val á útnefningu á alþjónustuveitanda?
- (b) Er einhver önnur leið fær til að tryggja notendum aðgang að almenna fjarskiptanetinu, en að leggja kvöð á útnefndan alþjónustuveitanda samkvæmt reglum um alþjónustu?
- (c) Ertu sammála því mati/aðferðarfræði PFS að útnefna alþjónustuveitanda eingöngu á þeim svæðum þar sem ekki ríkir samkeppni í heimtauganetinu?

Svör 2

- (a) Við erum sammála þeim meginsjónarmiðum um val á alþjónustuveitendum sem koma fram í 3. kafla með þeim fyrirvörum sem felast í síðari athugasemdum við umræðuskjalið.
- (b) Eins og fram kemur í umræðuskjalinu er meginálgunin til þess að tryggja þjónustu við dreifðar byggðir sú að leggja alþjónustu kvöð á tiltekið fjarskiptafyrirtæki. Hingað til hefur þessi kvöð verið lögð á það fyrirtæki sem tók við dreifikerfi sem að meginstefnu var byggt upp meðan ríkiseinokun var á rekstri kerfisins og sölu á þjónustu. Eins og vikið er að í umræðuskjalinu má ætla að víða styttest í endurnýjunarþörf þessa gamla kerfis. Varpa má fram þeirri spurningu hvort frumkvæði að endurnýjun dreifikerfis eða eftir atvikum lagningu nýrra kynslóðar netkerfa í dreifðum byggðum ætti að koma frá PFS í samstarfi við heimamenn í þessum byggðum. Er þá vísað til þess að viðkomandi svæði færi í almennt útboð á vegum PFS með nánari skilmálum og kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs. Þetta þýddi að gerð yrði landsáætlun um netvæðingu dreifðra byggða.
- (c) Miðað við breytt landslag og þjónustuvitund viðskiptavina má til sannsvegar færa að ekki sé nauðsynlegt að útnefna alþjónustuveitanda á þeim svæðum þar sem samkeppni ríkir. Hér má einnig vísa til svarsins sem kemur fram í lið b).

4. Það tímabil sem útnefningin tekur til

Spurning 3

Hvert er þitt álit á þeim atriðum sem reifuð eru hér að ofan, varðandi mat á því hver væri hæfilegur gildistími kvaðar um að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu, og um heimild PFS til að endurskoða einstaka útfærslu á alþjónustukvöðinni, t.d. kostnaðarhlutdeild.

Svar 3

Við teljum að gildistími til að minsta kosti lok árs 2018 sé hæfilegt, það eigi þá við um koparlínukerfi. Það mætti síðan endurskoða í lok hvers árs og fella út kvöðina jafn óðum og notendur hafa val um að tengjast nýjum netkerfum. Æskilegt er að fyrir 2020 verði búið að koma upp nýjum og fullnægjandi netkerfum í stað meiri hluta eldri koparheimtauga þannig að ekki sé lengur þörf á kvöð um rekstur þeirra.

Varðandi kostnaðarhlutdeildina þá má varpa fram þeirri spurningu hvort þar eigi aðeins að vera eitt viðmið. Aðstæður og forsendur kunna að vera mjög mismunandi eftir þeim svæðum sem um er að tefla hverju sinni, vegalendir, fjöldi tenginga o.s.frv. Hér vísast til þess sem nefnt er undir svari við spurningu nr. 1. Sjá einnig í umfjölluninni hér á eftir.

5. Aðgangur að föstum aðgangsnetum (heimtaugum)

5.1. Yfirlit yfir þróun á markaði

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.1.

Árið 2013 voru 945 eldri fasteignir tengdar við net Tengis hf. Nú hafa á fimmta þúsund heimili aðgang að fjarskiptajónustu um ljósleiðaranet. Þá er settur ljósleiðari í allar nýja byggingar sem byggðar eru á Akureyri og eru um 1.700 heimili að nota heimtaugar Tengis á Akureyri og við Eyjafjörð, bæði í þéttbýliskjörnum og í dreifbýlinu sem og á þriðjahundrað fyrirtækja.

Við teljum að það séu fleiri 20% íbúa sem ekki hafa aðgang að háraðaneti. Hafa þarf í huga að ekki eru allir sem tengjast um vöruheitið "Ljósveita Mílu" að fá það sem sagt er 50/25 og hvað þá meira. Þá er það okkar skoðun að háhraðanet byrji við 100/100 mbits og það eigi frekar að vera viðmiðið sem leggja eigi til grundvallar skilgreiningunni á háhraðaneti.

5.2. Stofngjöld og mánaðargjöld fyrir ljósleiðaratengingar

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.2.

Tengir hf. hefur fyrst og fremst lagt heimlagnir í þau hús þar sem eigendur óska eftir tengingum. Greiðsla í þéttbýli er á bilinu 25 til 100 þúsund krónur eftir því hvort um er að ræða fjölbýlishús, raðhús eða einbýlishús.

Ekki er markvisst lagt inn í húsnæði til notanda sem ekki hafa áhuga á að taka ljósleiðara í notkun, nema aðstæður séu þannig að verulegur aukakostnaður sé því samfara að leggja lögnina síðar, enn alltaf er lagnarörið þó lagt að lóðarmörkum.

Í dreifbýli hefur verið greitt samkvæmt tilboði hverju sinni.

Mánaðargjaldið er það sama hvort sem notandir er í þéttbýli eða dreifbýli. Til umræðu hefur verið hvort verðskrá á að vera mismunandi fyrir þéttbýli eða dreifbýli.

Í umræðum um stofngjöld þarf að huga sérstaklega að því hvernig og með hvaða hætti byggja á upp landsnet milli milli byggðarlaga og landshluta sér í lagi með hagsmuni minni þjónusutveitna í huga.

5.3. Samanburður á stofngjöldum fyrir ljósleiðaratengingar og stofngjöldum rafmagns og hitaveitu

5.3.1. Um gjaldskrá RARIK fyrir heimtaugar í þéttbýli og byggðarkjörnum

5.3.2. Um gjaldskrá RARIK fyrir heimtaugar í dreifbýli

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.3.

Í heiti kaflans er ráðgert að gerður sé samanburður á stofngjöldum ljósleiðaratengingar annars vegar og stofngjöldum rafmagns- og hitaveitu hins vegar. Gerður er samanburður við rafveituheimtaugar en ekki er að sjá að gerður sé samanburður við hitaveitur.

Ýmsar veitur, þar með talið RARIK, gera greinarmun á þéttbýli og dreifbýli í gjaldskrá sinni og á þetta bæði við um rafveitur og hitaveitur. Hér þarf hins vegar einnig að hafa í huga að þessi munur á ekki eingöngu við um stofngjöld heimtaugar heldur einnig um notkunar-gjöldin. Varðandi tekjur rafveitna þarf að hafa í huga að hámark þeirra er ákvörðað með svonefndum tekjumörkum.

Í framkvæmdum við nýjar hitaveitur er okkur kunnugt um að heimlagnagjöld geta orðið verulega há. Byggir það á því að viðkomandi framkvæmd er kostnaðarreiknuð og þar með teknar inn í dæmið væntar tekjur af viðkomandi veitu og eðlileg arðsemi af henni. Þetta þýðir að það sem vantar upp á að heildar dæmið gangi upp kemur fram í heimlagnagjaldinu. Sem dæmi má nefna að samkvæmt upplýsingum Norðurorku hf. þá voru heimlagnagjald í einni af nýjustu veitum félagsins, Vesturveitu, rúmlega einmilljón króna auk lengdargjalda fari lengd heimlagnar upp fyrir 50 metra. Hér þarf einnig að hafa í huga að inn í viðkomandi framkvæmd koma framlög frá Orkusjóði með því fjármunir sem annars hefðu gengið til að niðurgreiða raforku til húshitunar ganga til framkvæmdarinnar. Hér er um að ræða fjárhæð sem samsvarar 12 ára niðurgreiðslum og er ekki óalgengt að þetta framlag sé á bilinu 800 til 1.200 þúsund krónur á heimili. Loks þarf að hafa í huga að ákvarðandi þáttur um það hvort farið er í framkvæmdir við nýjar veitur sem þessar er að næg þátttaka fáiast hjá notendum á viðkomandi svæði. Ekki þarf að orðlengja að aðgengi að heitu vatni til húshitunar, það o.s.frv. er ekki síður mikilvægt en aðgengi að fjarskiptaneti.

Líklega eru allar dreifiveitur (rafveitur – hitaveitur) með fyrirvara í skilmálum sínum um að ef kostnaður við heimlögn er meiri en hefðbundið heimlagnagjald, sé heimilt að innheimta gjaldið samkvæmt kostnaðaráætlun eða greiddur sé raunkostnaður að verkinu loknu.

5.4. Alþjónusta og ljósleiðaratengingar

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.4.

Við erum sammála þeim sjónarmiðum að notendur í dreifðum byggðum skuli eiga val um eigin kostnaðarþátttöku til þess að flýta fyrir háhraðaneti eða eftir atvikum að láta leggja sjálfir til sín slíkt net. Um þetta eru fjölmörg dæmi.

Þegar rætt er um alþjónustukvöð og ljósleiðaratengingu og þar með samanburð við gamla koparlínukerfið og viðhaldi þess og eftir atvikum endurnýjun á köflum er að ýmsu að hyggja. Mjög mikilvægt er að gera ekki óraunhæfar kröfur til fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu ljósleiðarnets í dreifðum byggðum nema til komi opinber stuðningur við framkvæmdina. Hér eru ítrekuð sjónarmið um frumkvæði PFS og möguleg útboð við uppbyggingu nýrra háraðanetkerfa.

Þá erum við sammála því að fram fari mat á þeim svæðum þar sem óraunhæft er að koma upp háhraðatengingum þó jafnframt sé eðlilegt að slíkt mat sé endurskoðað í ljósi breyttra aðstæðna og forsendna.

5.5. Lagning, viðhald og endurnýjun heimtauga í alþjónustu

5.5.1. Mismunandi útfærsla kvaða og *forræði* yfir netuppbyggingu

5.5.2. Nýlagning (e. greenfield)

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.5.2

Við erum sammála þeirri áætlun PFS að birta lista yfir þau sveitarfélagaög þar sem alþjónustukvöð er létt af vegna lagningu í ný hverfi og nýbyggingar og að slíkur listi sé reglulega tekinn til endurskoðunar.

5.5.3. Viðhald á heimtaugum (viðgerðir og bilanir)

5.5.4. Endurnýjun heimtauga

5.5.4.1. Ljósleiðari til viðbótar við koparheimtaug

5.5.4.2. Ljósleiðari í staðinn fyrir koparheimtaug

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.5.4.

Hér er gengið út frá því að sé farið í endurnýjun netkerfa þar sem fjarskiptafyrirtæki ber alþjónustuskyldur sé það gert á forsendum viðkomandi fyrirtækis, en þó þannig að sett sé kvöð um hámarkstengigjald fyrir fyrirtæki og heimili. Hér viljum benda á þá hugmynd að endurnýjun netkerfa með háhraðatengingu getur einnig farið fram að frumkvæði íbúa á viðkomandi svæði og/eða að frumkvæði PFS með þátttöku Jöfnunarsjóðs þar sem beitt er útboðum til að lágmarka kostnað.

5.5.5. Skylda til þrautavara

Spurning 4

Telur þú að útfærsla kvaðarinnar m.t.t. framangreindra mismunandi forsenda skynsamlega?

Svar 4

Almennt hljómar þetta skynsamlega en þó vísað til þeirra athugasemda sem gerðar eru hér að framan og þess sem rakið er hér að neðan. Við erum sammála því að aflétta beri alþjónustukvöð á stöðum þar sem annar netrekandi hefur lagt eða hefur áætlun um að leggja ljósleiðaraheimtaugar, þ.e. að hún falli niður jafnóðum og nýjar tengingar koma inn. Ýmsar spurningar vakna um þá sviðsmynd að alþjónustukvöð verði virk á ljósleiðartengingu samhliða því að koparheimtaugakerfið leggist af og þá verði skilyrði um alþjónustukvöð á „viðráðanlegu verði“ einnig virk. Hér er kemur upp sú spurning hvernig aðstæður verða í þessu sambandi ef það er samkeppnisaðili alþjónustuveitandans sem leggur ljósleiðarann en hann þ.e. alþjónustuveitandi leggur síðan af sína koparheimtaugar. Illt er að sjá fyrir sér að við þessar aðstæður geti virkjast alþjónustukvöð og þar með „viðráðanlegt verð“ gagnvart samkeppnisaðilanum, þ.e. þeim sem lagði ljósleiðarann. Við slíkar kynnu forsendur samkeppnisaðilans að breyta algjörlega, þ.e. ef „viðráðanlegt verð“ væri eitthvert allt annað en það sem lagt var til grundvallar fjárfestingunni í upphafi. Hér hljóta að rísa þær spurningar að viðskiptavinir á viðkomandi svæði yrðu að una verðskrár enda væri hún sambærileg við önnur sambærileg svæði sem þjónustuð eru af viðkomandi fyrirtæki.

5.6. Tæknilegt hlutleysi

Spurning 5

- (a) *Hvert er þitt álit á þeirri tillögu PFS hér að ofan að útnefna Mílu ehf. áfram sem alþjónustuveitanda að því er varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið á þeim stöðum þar sem fyrirtækið er eitt á markaðnum og á þeim svæðum þar sem markaðsbrestur hamlar því að aðgangsnetið verði endurnýjað á viðskiptalegum forsendum?*
- (b) *Eru aðrir þættir en ofangreindir, sem rétt væri að taka til skoðunar af hálfu PFS þegar kemur að útnefningu nýs alþjónustuveitanda á sviði tengingar við almenna fjarskiptanetið.*

Svar 5

- (a) Við erum sammála því að alþjónustukvöð verði áfram á Mílu þar sem fyrirtækið er eitt á markaðnum. Við ítrekum hins vegar þá hugmynd að PFS og Jöfnunarsjóður geti haft frumkvæði að uppbyggingu með útboðum á nánar tilgreindum svæðum.
- (b) Sömuleiðis er rétt að ítreka þau sjónarmið sem koma fram í gögnunum að frumkvæði að endurnýjun getur einnig komið frá heimamönnum á þeirra forsendum og þá vafalaust eðlilegt að alþjónustukvöð sé lögð af.

5.7. Kostnaðarþátttaka og skipting kostnaðar

- 5.7.1. Almenn
- 5.7.2. Núverandi reglur um skiptingu kostnaðar
- 5.7.3. Norska leiðin
- 5.7.4. Skipting kostnaðar á milli alþjónustuveitanda, notand og jöfnunarsjóðs alþjónustu
- 5.7.5. Aðrar leiðir?

Spurning 6

Miðað við ofangreinda umfjöllun hvaða leið telur þú að sé vænlegust til að stuðla að endurnýjun á aðgangsnetið á þeim svæðum þar sem talið er að markaðsbrestur sé til staðar?

Eru einhverjar aðrar leiðir sem koma til greina en þær þrjár sem PFS hefur reifað?

Svar 6

Við tökum undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að skapa hvetjandi umhverfi fyrir uppbyggingu á þeim svæðum þar sem markaðsbrestur liggur fyrir. Mikilvægt er að efla möguleika jöfnunarsjóð til þess að stuðla að slíkri uppbyggingu og hlýtur að koma til álita að sjóðurinn fái sérstök framlög af fjárlögum í því skyni.

Varhugavert er að gera ráð fyrir að netfyrirtækin hafi öll sömu forsendur til þess að taka á sig kostnað við nýlagnir með þeim formerkjum að þak sé sett á kostnað notanda. Slíkt væri þá aðeins eðlilegt ef mismunurinn væri greiddur af Jöfnunarsjóði því ekki er eðlilegt að netfyrirtækið sé ekki með þak á sínum kostnaði. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að hafa í huga að forsendur núverandi alþjónustuveitanda og annarra aðila á markaði eru æði

misjafnar. Hér má t.d. benda á að Tengir hf. er eingöngu heildsöluaðili og hefur ekki neina tengingu við fjarskiptafyrirtæki með fjölpætt þjónustutilboð við notendur.

Hvort fjarlægðarviðmið og skilyrðir Norsku leiðarinnar eiga við hér þyrfti að skoða og meta út frá áðvarnefndum sjónarmiðum en einnig má vísa til umfjöllunar um skilmála RARIK og fleiri veitna.

Ítrekað eru fyrri sjónarmið um hlutverk Jöfnunarsjóðs og eftir atvikum Alþingis við uppbyggingu netkerfa á einstökum svæðum. Hér má nefna að Alþingi hefur veitt sérstök framlög til uppbyggingar tiltekinna veituverkefna.

5.7.6. Skilgreining á svæðum eftir kostnaði við uppbyggingu á tengingum

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.7.6.

Í grunninn má draga þá almennu ályktun að markaðssvæði séu þau svæði þar sem fjöldi íbúa er það mikill að líkur séu á að netfyrirtæki séu tilbúin til þess að taka þá áhættu að leggja netkerfi til viðbótar kerfi sem fyrir er eða tvö eða fleiri fyrirtæki séu tilbúin til þess að netkerfi í ný hverfi eða byggðakjarna innan sveitarfélags. Má því segja að markaðssvæði séu þéttbýliskjarnar yfir einhverri tiltekinni stærð. Ólíklegt má telja að netfyrirtæki fari í lagningu netkerfa í dreifbýli á markaðsforsendum. Sýna dæmin þetta þar sem sveitarfélög hafa með beinum hætti komið að lagningu netkerfa utan þéttbýlis. Hér má hafa einnig haf í huga það sem áður hefur komið fram um skiptingu veitna í þéttbýlis- og dreifbýlisgjaldskrá bæði í heimlögnum og notkunargjöldum, auk skilmála um að viðskiptavinur greiði umframkostnað við tengingu eða eftir atvikum sérstakt kerfisframlag.

5.8. Skilyrði fyrir framlagi úr jöfnunarsjóði

5.8.1. Forsendur fyrir fyrirfram skilyrðum

5.8.2. Almenn skilyrði

5.8.3. Sérstök skilyrði

5.8.3.1. Umsókn um jöfnunarsjóðsframlag skal vera útboðshæf

Innskot vegna umfjöllunar í kafla 5.8.3.1

Hér þarf að tryggja að alþjónustuveitandi fá ekki forskot á samkeppnisaðila sína. Hér er gert ráð fyrir því að til séu eða verði til kostnaðarviðmið og ef alþjónustuaðili sé innan þeirra marka þá sé hann sá aðili sem framkvæmir með stuðningi Jöfnunarsjóðs. Hvort þessi ályktun er rétt er ekki alveg víst þegar litið er til annarra undirkafla en þá rétt að taka af tvímæli um það. Hér vaknar sú spurning hvort ekki sér hreinlegast að viðhafa útboð eins og reyndar er nefnt í kafla 5.8.1 enda vandséð með hvaða hætti ætti að finna út nefnd kostnaðarviðmið.

5.8.3.2. Umsóknarfrestur

5.8.3.3. Krafa um opinn aðgang að heimtaug

Spurning 7

(a) Ert þú sammála ofangreindum skilyrðum sem reifuð eru hér að ofan varðandi umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu?

(b) Eru einhver önnur skilyrði sem þú tekur að eigi að vera sett að því er varðar umsóknir um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu?

Svar 7

- (a) Í athugasemdum okkar hér að framan höfum við nokkuð vikið að mögulegum sviðsmyndum um aðkomu Jöfnunarsjóðs og eftir atvikum Alþingis með sérstökum fjárveitingum til uppbyggingar netkerfa á afmörkuðum svæðum eða kerfishluta innan svæða. Eðlilegt er í slíkum sviðsmyndum að ganga út frá útboðum til þess að velja framkvæmdar og rekstraraðila.

Erfitt getur verið, nema eftir nákvæma útreikninga á tilteknum svæðum, að fullyrða að rétt viðmið um framlag netfyrirtækis til uppbyggingu kerfis og þar með heimlagna skuli vera einmitt þær tölur sem nefndar eru í kafla 5.8. Ítrekað er að eigi að ganga út frá því að netfyrirtæki jafni slíkum kostnaði á aðra viðskiptavinum kann jafnræði að vera brotið gagnvart þeim.

- (b) Við ítrekum að eitt viðmið (tiltölulega hátt) um viðmið tengigjalda gagnvart netfyrirtæki stenst ekki endilega skoðun í öllum tilvikum.

Við erum að sjálfsögðu sammála hugmyndum um opinn aðgang að kerfum sem byggð eru upp með stuðningi Jöfnunarsjóðs eða eftir atvikum Alþingis.

Viðauki

við umræððuskjal um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan alþjónustu, að útvega tengingu við almenna fjarskiptkerfið.

Nánar um skiptingu kostnaðar samkvæmt kafla 5.7.4.

Vegna viðaukans viljum við ítreka þau sjónarmið sem koma fram hér að framan og með þau í huga teljum við ekki forsendur til þess að svara lítt rökstuddum og leiðandi spurningum í viðaukanum. Má sérstaklega vísa í svar við spurningum nr. 6 og 7 hér að framan.

Svar 6

Við tökum undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að skapa hvetjandi umhverfi fyrir uppbyggingu á þeim svæðum þar sem markaðsbrestur liggur fyrir. Mikilvægt er að efla möguleika jöfnunarsjóð til þess að stuðla að slíkri uppbyggingu og hlýtur að koma til álita að sjóðurinn fái sérstök framlög af fjárlögum í því skyni.

Varhugavert er að gera ráð fyrir að netfyrirtækin hafi öll sömu forsendur til þess að taka á sig kostnað við nýlagnir með þeim formerkjum að þak sé sett á kostnað notanda. Slíkt væri þá aðeins eðlilegt ef mismunurinn væri greiddur af Jöfnunarsjóði því ekki er eðlilegt að netfyrirtækið sé ekki með þak á sínum kostnaði. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að hafa í huga að forsendur núverandi aðþjónustuveitanda og annarra aðila á markaði eru æði misjafnar. Hér má t.d. benda á að Tengir hf. er eingöngu heildsöluaðili og hefur ekki neina tengingu við fjarskiptafyrirtæki með fjölþætt þjónustutilboð við notendur.

Hvort fjarlægðarviðmið og skilyrðir Norsku leiðarinnar eiga við hér þyrfti að skoða og meta út frá áðuarnefndum sjónarmiðum en einnig má vísa til umfjöllunar um skilmála RARIK og fleiri veitna.

Ítrekað eru fyrri sjónarmið um hlutverk Jöfnunarsjóðs og eftir atvikum Alþingis við uppbyggingu netkerfa á einstökum svæðum. Hér má nefna að Alþingi hefur veitt sérstök framlög til uppbyggingar tiltekinnar veituverkefna.

Svar 7

(a) Í athugasemdum okkar hér að framan höfum við nokkuð vikið að mögulegum sviðsmyndum um aðkomu Jöfnunarsjóðs og eftir atvikum Alþingis með sérstökum fjárveitingum til uppbyggingar netkerfa á afmörkuðum svæðum eða kerfishluta innan svæða. Eðlilegt er í slíkum sviðsmyndum að ganga út frá útboðum til þess að velja framkvæmdar og rekstraraðila. Erfitt getur verið, nema eftir nákvæma útreikninga á tilteknum svæðum, að fullyrða að rétt viðmið um framlag netfyrirtækis til uppbyggingu kerfis og þar með heimlagna skuli vera einmitt þær tölur sem nefndar eru í kafla 5.8. Ítrekað er að eigi að ganga út frá því að netfyrirtæki jafni slíkum kostnaði á aðra viðskiptavinum kann jafnræði að vera brotið gagnvart þeim.

(b) Við ítrekum að eitt viðmið (tiltölulega hátt) um viðmið tengigjalda gagnvart netfyrirtæki stenst ekki endilega skoðun í öllum tilvikum. Við erum að sjálfsögðu sammála hugmyndum um opinn aðgang að kerfum sem byggð eru upp með stuðningi Jöfnunarsjóðs eða eftir atvikum Alþingis.

Þessu til viðbótar viljum við einnig vísa til umfjöllunar um verð og skilmála rafveitna hér að frama bæði hvað varðar tengigjöld og notkunargjöld. Þá viljum við ítreka þau sjónarmið að eðlilegt sé að Jöfnunarsjóður komi að uppbyggingu og endurnýjun aðganganetsins á svæðum þar sem svo nefndur markaðsbrestur ríkir með skilvirkari hætti og þá eftir atvikum með eflingu hans og útboðum á hans vegum. Má hér hafa í huga nýlegar breytingar á lögum um jöfnun raforkukostnaðar í dreifbýli með jöfnunarframlagi frá þéttbýli.

Skilgreining á mörkum svæða er eins og áður segir ýmsum anmörkum háð. Ekki þarf lengi að rýna í landakortið til að sjá að sveitarfélög eru æði misjöfn að stærð og skiptingu í þéttbýli og dreifbýli. Nægir hér að nefna sem dæmi t.d. Svalbarðsstrandarhrepp og Þingeyjarsveit sem dæmi. Hversu

raunhæft væri t.d. að miðað við sveitarfélagmörk í þegar þessi tvö sveitarfélög eru borin saman. Svona mætti lengi telja.

Að lokum viljum við áréttast að rétt sé að Alþingi svari ýmsum að þeim grundvallarspurningum sem liggja í loftinu um jafnræði borgaranna og rétt þeirra til alþjónustu.

Fulltrúar Tengis hf. eru að sjálfsögðu tilbúnir til að taka þátt í frekari umræðum um málið og þau sjónarmið sem hér er telft fram.

f.h. Tengis hf.

Baldur Dýrfjörð hdl.